



Neysla Íslendinga orðin meiri en fyrir Covid-faraldurinn

Samanlögð kortavelta Íslendinga innanlands og erlendis var 8% meiri í júní í ár en í fyrra, miðað við fast verðlag og gengi, og 9% meiri en í júní árið 2019. Neysla mælist því meiri en hún var fyrir faraldurinn, en fer í auknum mæli fram innanlands vegna færri ferðalaga til útlanda.

Seðlabanki Íslands birti nýverið gögn um veltu innlendra greiðslukorta í júní.¹ Samanlagt jókst kortavelta um 8% milli ára í júní miðað við fast gengi og fast verðlag. Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 84 mö.kr. og jókst um 3% milli ára miðað við fast verðlag. Kortavelta Íslendinga erlendis nam 12,4 mö.kr. og jókst um 64% milli ára miðað við fast gengi.


Neysla erlendis minni en í eðlilegu árferði

Sé miðað við kortaveltu í júní 2019, þegar engin áhrif voru af faraldurinum, mælist aukningin 9% að raunvirði. Innanlands mælist aukningin 20% miðað við fast verðlag, en samdráttur erlendis upp á 33% miðað við fast gengi. Við sjáum því að þó kortavelta erlendis aukist erum við ekki farin að kaupa vörur og þjónustu erlendis frá í sama mæli og fyrir faraldur, enda mælast ferðalög ennþá langtum færri en í venjulegu árferði. Í júní voru brottfarir Íslendinga í gegnum Leifsstöð alls 13.575, eða 156% fleiri en á sama tíma í fyrra, en 79% færri en á sama tíma árið 2019. Staðan er því enn sú að Íslendingar virðast bæta sér upp færri ferðalög erlendis með aukinni neyslu innanlands.

Samsetning neyslunnar að breytast


Þeir útgjaldaliðir sem jukust mest hjá Íslendingum í samkomutakmörkunum, t.d. í áfengisverslunum, virðast ekki halda áfram að aukast, að líkindum vegna þess að neysla á veitingastöðum hefur aukist. Kortavelta Íslendinga var 1% minni í júní í ár en í fyrra í áfengisverslunum, en í fyrra hafði kortaveltan

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.



aukist um 39% milli ára í júní miðað við fast áfengis- og tóbaksverð.


Eftir því sem faraldrinum linnir og ferðalög verða almennari má gera ráð fyrir því að neyslan færist aftur meira út fyrir landssteinana og er 97% aukning í kaupum á skipulögðum ferðum og þjónustu ferðaskrifstofa vísbending um það. Kaup Íslendinga á pakkaferðum eru þó enn ríflega 40% minni en var í júní 2019 og því enn nokkuð í land með að við sjáum ferðalög komast aftur á þann stað sem var fyrir faraldur.

Vísbendingar um talsverðan vöxt einkaneyslu

Kortavelta hefur verið ágætis vísbending um þróun einkaneyslunnar og á öðrum ársfjórðungi jókst kortaveltan alls um tæp 15% milli ára sem er nokkuð kröftugur viðsnúningur miðað við þann samdrátt sem mældist í fyrra. Gera má ráð fyrir að vöxtur einkaneyslu hafi því einnig verið talsverður á fjórðungnum en þær upplýsingar berast frá Hagstofunni síðar í sumar.


Sé kortaveltan nú miðuð við annan ársfjórðung árið 2019 mælist aukning í kortaveltu upp á 2%. Í maí spáðum við því að á þessu ári myndi einkaneyslan ná sama stigi og var árið 2019. Ef marka má gögn um kortaveltu á fyrri hluta árs virðist sú spá ætla að rætast.

Kortavelta Íslendinga eftir útgjaldaliðum í júní



Greiðslukortavelta raunvirt með viðeigandi undirlið VNV. Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Einkaneysla og greiðslukortavelta



Greiðslukortavelta í verslun héraendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.